



Reykjavík, 19. nóvember 2021

R21110140

6630

HH

Umhverfis- og skipulagssvið

Vogabyggð - svæði 5 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 18. nóvember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. nóvember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 10. nóvember 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðis 5 í Vogabyggð, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggja ríka áherslu á að fullt samráð verði haft við Hafrannsóknarstofnun og Veiðimálastofnun vegna lengingar á hafnargarði við smábátahöfnina í Elliðaárvogi með tilliti til áhrifa á laxagengd í Elliðaánum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld kynna breytingar sem felast m.a. í að stækka og dýpka smábátahöfn og ýmist fjarlægja, stækka eða lengja hafnargarða. Ef horft er til náttúru og náttúrulegs umhverfis þá er verið að skerða þetta strandsvæði og umhverfi árósar smátt og smátt. Þessi svæði eru einna mikilvægustu hlutar af náttúru við Reykjavík. Ferill skipulagsyfirvalda er að skerða lítið í einu, einingar sem ekki er tekið eftir en að lokum verður umhverfið allt annað en náttúrulegt. „Lítill“ landfylling hér og þar, aðeins fleiri bryggjur o.s.fr. en að að lokum er allt umhverfið manngert og þá er vísast sagt að planta eigi í einhver beð og það stuðli að líffræðilegri fjölbreytni og náttúran megi vel við una. Fram kemur sem mótrök frá skipulagsyfirvöldum að þetta sé manngert fyrir og með þessu sé verið að auka og bæta aðgengi til útvistar. En ekki er tiltekið að það að njóta óspilltrar náttúru er líka upplifun. Útvist er ekki bara tæknifyrirbrigði, í góðum skóm og flottum galla og á flottri skútu.

Helga Björk Laxdal
e.u.